

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvanneyri, svæði B, Borgarbyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

Um er að ræða breytingu á gildandi deiliskipulagi. Breytingar felast í því að þrjár einbýlishúsalóðir sunnan Arnarflatar eru felldar niður, byggingarreitir einbýlishúsalóða sunnan Arnarflatar eru færðir nær lóðarmörkum, gert er ráð fyrir að á svæðinu geti verið 16 fjölbýlishús, 12-14 einbýlishús, 3-5 parhús og eitt keðjuhús í stað 12 fjölbýlishúsa, 20 parhúsa og 9 einbýlishúsa.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið meðferð skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 7. júní 2007.*

**Sigurður Páll Harðarson,**  
forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. júní 2007